

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt fyrir Gerðahrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Gerðahrepp.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

5. júní 1975.

Nr. 275.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Sigurðardóttur fyrrverandi húsfreyju á Fjalli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. júní 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Sigurðardóttur fyrrverandi húsfreyju á Fjalli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Sigurðardóttur á Fjalli.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. janúar 1975 af Kvenfélagi Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu til minningar um Sigurlaugu Sigurðardóttur húsfreyju á Fjalli, er andaðist 15. október 1974. Hún var fædd 6. janúar 1848. Hún var ein af stofnendum félagsins og fyrsti formaður þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eittundraðþúsundkrónur —. Sjóðinn skal geyma og ávaxta á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma að mati sjóðstjórnar, í Búnaðarbankanum á Sauðárkróki, í ríkistryggðum skuldabréfum eða öðrum verðtryggðum eignum. Vextir og gjafir, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstól. Sjóðinn má eigi skerða meira en svo, að höfuðstóll nemi lægri fjárhæð en krónum 10 000.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tónlistaraðstöðu og tónlistarstarfsemi við Varmahlíðarskóla, svo og bókasafn skólans.

Síðar er heimilt að styrkja sérstaklega efnilega nemendur frá Varmahlíðarskóla til tónlistar- og söngnáms.